

# Vöxtur í krafti netsins

- byggjum, tengjum og tökum þátt

*Stefna ríkis og sveitarfélaga um upplýsingasamfélagið 2013-2016*



Innanríkisráðuneytið  
Apríl 2013  
ISBN-9979-884-41-X

Vefslóð: [www.ut.is](http://www.ut.is) / [www.innanrikisraduneyti.is](http://www.innanrikisraduneyti.is)

## Ávarp innanríkisráðherra

Ísland stendur frammi fyrir mikilli áskorun við þróun og uppbyggingu samfélagsins í kjölfar bankahrunsins 2008. Leitað er leiða til að auka hagsæld, styrkja atvinnulíf, auka skilvirkni í stjórnsýslunni, bæta þjónustu við almenning og leysa fjölda verkefna sem bíða úrlausnar. Eitt mikilvægasta og vandasamasta verkefnið er þó að byggja upp traust í samfélaginu. Í því samhengi er m.a. kallað eftir auknu gegnsæi í vinnubrögðum og auknu aðgengi að þeim upplýsingum sem stjórnvöld búa yfir. Einnig er leitað leiða til að auka möguleika almennings til að taka þátt í eða koma að ýmsum ákvörðunum t.d. vali á verkefnum í sveitarfélögum, stefnumótun eða mótun lagafrumvarpa. Upplýsingatæknin er drjúgt verkfæri til alls þessa.



Ögmundur Jónasson  
innanríkisráðherra

Ég er sannfærður um að 21. öldin er öld beins lýðræðis og það er allra þeirra sem koma að mótun laga- og regluverks samfélagsins að greiða götu þess. Tónninn hefur verið sleginn fyrir stjórnsýslu á nýrri öld. Auk þess að byggja upp vandaða þjónustu og innviði og tryggja að opinbera kerfið tengist saman í samhæft net þá þurfa starfsmenn ríkis og sveitarfélaga að leggja áherslu á þjónustuhlutverk sitt, leita leiða til að kortleggja þarfir og óskir almennings og hlusta á rödd hans.

Hér er kynnt til sögunnar framtíðarsýn fyrir íslenskt samfélag sem nýtir upplýsingatækni sér til hagsbóta. Hún er það leiðarstef sem stefna ríkis og sveitarfélaga *Vöxtur í krafti netsins* byggist á.

*Opinber þjónusta er byggð upp með lýðræði, skilvirkni og þarfir almennings og atvinnulífs að leiðarljósi. Góð þekking á upplýsingatækni og aðgengi að opinberum gögnum stuðlar að nýsköpun og vexti atvinnulífsins. Almennigur hefur áhrif á ákvarðanir opinberra aðila með því að taka þátt í undirbúningi þeirra í opnu og gegnsæju samráði á netinu.*

Ríki og sveitarfélög hafa sameiginlega unnið að mótun stefnunnar sem nær til áraanna 2013-2016 og er það í fyrsta sinn sem þessir aðilar móta sameiginlega stefnu á sviði upplýsingatækni. Bundnar eru vonir við áframhaldandi samvinnu ríkis og sveitarfélaga við innleiðingu stefnunnar.

Ögmundur Jónasson  
innanríkisráðherra

## INNGANGUR

Stefnan um upplýsingasamfélagið var unnin í stefnumótunarferli sem nær yfir alllangt tímabil. Stefnan er samofin úr mörgum þáttum og m.a. mótuð í samráðsferli sem innanríkisráðherra beitti sér fyrir í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga. Í niðurstöðum þeirrar vinnu var rík áhersla lögð á að líta bæri á rafræna þjónustu og auðkenni sem mikilvægan hluta af innviðum upplýsingasamfélagsins. Í janúar 2012 kallaði innanríkisráðuneytið saman sérfræðinga úr stjórnsýslunni til almennrar umræðu um stöðu Íslands í þessum málaflokki. Á fundinum komu fram upplýsingar um viðfangsefnið og umhverfi þess og komist var að samkomulagi eða sameiginlegri sýn á hver staða málaflokksins raunverulega var. Í kjölfarið var framkvæmd úttekt á árangri fyrri stefnu *Netríkið Ísland* og tekin saman stutt skýrsla um stöðu málaflokksins. Að loknu stöðumati var vinnuferlið mótað. Lögð var áhersla á að vinnan yrði opin og upplýsingar yrðu öllum aðgengilegar. Niðurstöður stöðumats og úttektar á fyrri stefnu voru þá þegar aðgengilegar á vef innanríkisráðuneytisins.

Þegar kortlagningu hagsmunaaðila var lokið var kallað til fjölmenns vinnufundar með hagsmunaaðilum (ráðgjafahópi) þann 2. nóvember 2012. Á fundinum var leitast við að fá fundargesti til að lýsa æskilegri stöðu málaflokksins í lok árs 2016. Þannig var dregin fram ákveðin framtíðarsýn, markmið og leiðir. Lýst var verkefnum sem gæti þurft að hrinda í framkvæmd til að ná þeirri framtíðarsýn. Yfir 80 tillögur komu fram á fundinum.

Næstu skref fólust í því að kalla saman svokallaðan kjarnahóp sem vann með tillögurnar, mótaði drög að framtíðarsýn og markmiðum. Á sama tíma var opnað fyrir samráð um innihald og markmið stefnunnar út frá þeim gögnum sem lágu fyrir á þeim tíma.

Samráðið fór fram á vef innanríkisráðuneytisins frá nóvember 2012 til febrúar 2013 og ýmsar gagnlegar ábendingar bárust sem fjallað var formlega um á fundi kjarnahóps og tekið var tillit til eins og kostur var.

*Að mótun stefnunnar hefur komið stór hópur fólks frá ríki, sveitarfélögum og ýmsum hagsmunaaðilum.*

Í lok árs 2012 hófst svo ferli þar sem kallað var eftir tillögum um verkefni sem féllu að þeim meginmarkmiðum sem fyrir lágu. Ráðuneytin og Samband íslenskra sveitarfélaga skiluðu inn slíkum tillögum sem kjarnahópurinn vann úr.

Á grunni þeirra tillagna var mótuð framkvæmdaáætlun fyrir 2013-2016 sem er fylgiskjal með stefnunni. Að mótun stefnunnar og framkvæmdaáætlunarinnar hefur því komið stór hópur fólks frá ríki, sveitarfélögum og ýmsum hagsmunaaðilum.

*Í kjarnahópi voru eftirfarandi fulltrúar ráðuneyta og sveitarfélaga.*

**Guðbjörg Sigurðardóttir,**  
formaður, innanríkisráðuneyti

**Angantýr Einarsson,**  
fjármála- og efnahagsráðuneyti

**Anna G. Björnsdóttir,**  
Sambandi íslenskra sveitarfélaga

**Arnór Guðmundsson og  
Sigurbjörg Jóhannesdóttir,**  
mennta- og menningarmálaráðuneyti

**Björn Sigurðsson,**  
forsætisráðuneyti

**Hjörtur Grétarsson,**  
Reykjavíkurborg

**Kjartan Ingvarsson,**  
umhverfis- og auðlindaráðuneyti

**Urður Gunnarsdóttir,**  
utanríkisráðuneyti

**Valgerður Gunnarsdóttir,**  
velferðarráðuneyti

**Þórir Hrafnsson,**  
atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Með hópnum starfaði **Arnar Pálsson,**  
ráðgjafi hjá Capacent

## *Meginlínur stefnunnar og verkefnalisti byggjast á tillögum ráðgjafahóps sem kom saman á vinnustofu 2. nóvember 2012.*

Angantýr Einarsson, fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Anna Guðrún Björnsdóttir, Sambandi íslenskra sveitarfélaga  
Arnar Pálsson, Capacent  
Arnheiður Guðmundsdóttir, Skýrslutæknifélaginu  
Auður Ösp Jónsdóttir, Félagi tölvunarfræðinga  
Áki Ármann Jónsson, Umhverfisstofnun  
Árni Yngvi Hermannsson, Heilsugæslunni í Reykjavík  
Benedikt Benediktsson, Sjúkratryggingum Íslands  
Benedikt Ívarsson, Lánasjóði íslenskra námsmanna  
Bergþór Skúlason, Fjársýslu ríkisins  
Birna Guðmundsdóttir, Félagi tölvunarfræðinga  
Birna Kolbrún Gísladóttir, umhverfis- og auðlindaráðuneyti  
Bjargey Guðmundsdóttir, Mannvirkjastofnun  
Björgvin Sigurðsson, Hagstofu Íslands  
Björn Guðmundsson, Embætti tollstjórans í Reykjavík  
Björn Jónsson, Landspítala  
Björn Sigurðsson, forsætisráðuneyti  
Eggert Ólafsson, Reykjavíkurborg  
Eiríkur G. Guðmundsson, Þjóðskjalasafni Íslands  
Elísabet M. Jónasdóttir, innanríkisráðuneyti  
Elsa Heimisdóttir, Samtökum upplýsingatæknifyrirtækja  
Eydís Líndal Finnbogadóttir, Landmælingum Íslands  
Guðbjörg Sigurðardóttir, innanríkisráðuneyti  
Guðfinna Kristjánsdóttir, Garðabæ  
Guðgeir Eyjólfsson, Sýslumaðurinn í Kópavogi  
Guðmundur Hannesson, Ríkiskaupum  
Guðmundur Kári Kárason, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti  
Guðrún Auður Harðardóttir, Embætti landlæknis  
Gunnar Linnét, Vegagerðinni  
Halla Björg Baldursdóttir, Þjóðskrá Íslands  
Hannes Ottósson, Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Harpa Sólbjört Másdóttir, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti  
Hermann Ólason, Tryggingastofnun  
Hildur Björg Hafstein, Tryggingastofnun  
Hjörtur Grétarsson, Reykjavíkurborg  
Hjörtur Þorgilsson, IcePro  
Hrafnkell Gíslason, Póst- og fjarskiptastofnun  
Hreinn Hreinsson, Reykjavíkurborg  
Ingi Steinar Ingason, Embætti landlæknis  
Ingilín Kristmannsdóttir, innanríkisráðuneyti  
Ingvar Kristinsson, Veðurstofu Íslands  
Jón Baldvin Halldórsson, Landspítala  
Katrín Dóra Þorsteinsdóttir, Samtökum iðnaðarins  
Kristinn Sigurðsson, Landsbókasafni Íslands  
Kristján Vilhelm Rúriksson, Mannvirkjastofnun  
Margrét Erlendsdóttir, velferðarráðuneyti  
Margrét Sigurgeirsdóttir, Upplýsingu - Félagi bókasafns- og upplýsingafræða  
Ottó V. Winther, innanríkisráðuneyti  
Óðinn Baldursson, Vinnuálastofnun  
Pétur Berg Matthíasson, fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Ragnar Þorvarðarson, Viðskiptaráði  
Róbert Ragnarsson, Grindavíkurbæ  
Sigrún Eva Ármannsdóttir, Samtökum upplýsingatæknifyrirtækja  
Sigrún Gunnarsdóttir, Skýrslutæknifélaginu  
Sigurbjörg Jóhannesdóttir, mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Sigurjón Friðjónsson, Þjóðskrá Íslands  
Stefán Guðmundsson, Matvælastofnun  
Stefán Kærnested, Fjársýslu ríkisins  
Steinunn Valdimarsdóttir, Fagráði í upplýsingatækni  
Steinunn Þorsteinsdóttir, Hafnarfirði  
Sverrir Jónsson, fjármála- og efnahagsráðuneyti  
Valgerður Gunnarsdóttir, velferðarráðuneyti  
Þorbjörg Árnadóttir, Alþingi  
Þorleifur Gunnlaugsson, Reykjavíkurborg  
Þórdís Þórsdóttir, Íbúðalánasjóði  
Þórir Hrafnsson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti  
Þórólfur Halldórsson, Sýslumaðurinn í Keflavík  
Þuríður Hjartardóttir, Neytendasamtökunum  
Ævar Ísberg, Ríkisskattstjóra

## STAÐA ÍSLANDS

Þegar staða Íslands í innleiðingu upplýsingatækni er skoðuð og hún borin saman við stöðu nágrannaríkja blasir við að landið hefur talsverða styrkleika á ákveðnum sviðum en veikleika á öðrum sviðum. Kannanir sýna að almenn tölvueign, aðgangur að netinu og háhraðatengingum er með því besta sem gerist í heiminum í dag. Eins er farið um virkni almennings og raunverulega notkun á þeirri þjónustu sem í boði er á netinu. Annað er uppi á teningnum þegar litið er til framboðs á opinberri þjónustu og þeirra möguleika sem almenningi bjóðast til að hafa lýðræðisleg áhrif gegnum netið.

Hafa Íslendingar því dregist nokkuð aftur úr þeim þjóðum sem þeir helst bera sig saman við. Í alþjóðlegum könnunum vekur athygli að í samanburði við aðrar þjóðir koma Íslendingar verst út í þeim þáttum sem mæla möguleika almennings til að koma að undirbúningi ákvarðana í opinberri stjórnsýslu.

*Kannanir sýna að íslenska stjórnsýslan hefur ekki nýtt sér sem skyldi þau tækifæri sem felast í notkun upplýsingatækni til að bæta þjónustu og auka skilvirkni.*

Í stuttu máli má segja að staða Íslands sé sú að almenningur sé tilbúinn til að nýta sér þá þjónustu sem í boði er, góðir fjarskiptainnvíðir séu fyrir hendi, almenningur eigi tækin og sé tengdur en opinberir aðilar nýti ekki nægjanlega vel þau tækifæri sem felast í þessari stöðu. Þau tækifæri felast í því að koma á sjálfsafgreiðslu á netinu og auka þannig skilvirkni opinberrar þjónustu. Einnig eru vannýttir þeir möguleikar sem þessi staða felur í sér til að styrkja lýðræðið, kalla eftir og taka tillit til skoðana og ábendinga almennings um hin margvíslegu mál sem eru til umfjöllunar hjá hinu opinbera, allt frá ábendingum um umbætur í þjónustu til þess að taka þátt í mótun opinberrar stefnu eða nýrra laga.

Úr framangreindri stöðu verður lesið að í nýrri stefnu um upplýsingasamfélagið þurfi að leggja áherslu á að auka framboð á opinberri þjónustu á netinu og að auka möguleika almennings til þátttöku í lýðræðislegum ferlum. En huga þarf að fleiri þáttum og líta til lengri framtíðar þar sem mörg viðfangsefni taka langan tíma. Í því samhengi má ýmislegt læra af því sem er að gerast í alþjóðasamfélaginu.

*Skortur á sérþekkingu á upplýsingatækni er vaxandi vandamál um heim allan og talin er þörf á verulegum breytingum í menntakerfinu til þess að laga það að breyttum atvinnuháttum, tækni og tækjum sem stór hluti almennings notar daglega.*

Margar þjóðir leggja megináherslu á að laga menntakerfið að nýrri tækni og fjölga sérfræðingum á sviði upplýsingatækni. Þá má nefna að víða hafa verið sett af stað umfangsmikil verkefni sem miða að því að opna aðgengi að opinberum upplýsingum og gagnagrunnum bæði í þeim tilgangi að gefa almenningi tækifæri til að fylgjast með því sem opinberir aðilar aðhafast og einnig til að stuðla að nýsköpun og endurnýtingu opinberra upplýsinga í atvinnuskyni.

*Aðgengi að opinberum upplýsingum og gagnagrunnum í öndvegi.*



## HÆFNI TIL AÐ NÝTA UPPLÝSINGATÆKNI

Hér á eftir eru upplýsingar úr nokkrum könnunum sem varpa ljósi á stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi. Árlega gefur World Economic Forum út Network Readiness Index (NRI) sem er listi yfir hæfni þjóða til þess að nýta upplýsingatækni.

	2004	2005	2006	2007-08	2008-09	2009-10	2011-12
Ísland	2	4	8	8	7	12	15
Danmörk	4	3	1	1	1	3	4
Finnland	3	5	4	6	6	6	3
Svíþjóð	6	8	2	2	2	1	1
Noregur	13	13	10	10	8	10	7
Bretland	12	10	7	12	15	13	10
Fjöldi landa	104	115	122	127	134	133	142

TAFLA 1 : STAÐA ÍSLANDS OG SAMANBURÐARLANDA SKV. NRI

	2004	2005	2006	2007-08	2008-09	2009-10	2011-12
Einkunn	---	---	5,5	5,44	5,5	5,2	5,33

TAFLA 2: EINKUNN ÍSLANDS SKV. NRI

## RAFÆN STJÓRNSÝSLA

Sameinuðu þjóðirnar gefa reglulega út skýrslur um rafræna stjórnsýslu, Global E-Government Survey. Líkt og í skýrslum World Economic Forum, þá hefur staða Íslands versnað töluvert á síðastliðnum fjórum árum. Staða samanburðarlanda hefur verið stöðugri í gegnum árin og komast þau öll á topp tíu listann árið 2012. Einkunn Íslands hækkaði á milli árana 2010 og 2012 en landið er þó áfram í 22. sæti.

	2003	2004	2005	2008	2010	2012
Ísland	15	14	15	21	22	22
Danmörk	4	2	2	2	7	4
Finnland	10	9	9	15	12	7
Svíþjóð	2	4	3	1	12	7
Noregur	7	10	10	3	6	8
Bretland	5	3	4	10	4	3

TAFLA 3: STAÐA ÍSLANDS OG SAMANBURÐARLANDA SKV. NIÐURSTÖÐUM KANNANA SP

	2003	2004	2005	2008	2010	2012
Einkunn	0,702	0,7699	0,7794	0,7176	0,6697	0,7835

TAFLA 4: EINKUNN ÍSLANDS SKV. NIÐURSTÖÐUM KANNANA SP

## FRAMBOÐ Á ÞJÓNUSTU Á NETINU

Í desember 2010 kom út skýrsla á vegum Evrópusambandsins, „Digitizing Public Services in Europe: Putting ambition into action“. Í skýrslunni er m.a. leitast við að meta aðgengi að opinberri þjónustu á netinu og einblínt á tvo þjónustubætti: „Að finna vinnu“ og „að stofna fyrirtæki“. Var þá litið til þess að hve miklu leyti þessir bættir væru rafrænir.

Af þeim 32 löndum sem voru skoðuð var Ísland í 30. sæti með einkunnina 58%. Meðaltalið var 82% og því er deginum ljósara að hér má gera mun betur þegar kemur að aðgengi að opinberri þjónustu á netinu. Meðaltalið fyrir árið 2009 var 69% og því hafa lönd að jafnaði bætt sig um 13% á milli árána 2009–2010. Á sama tíma hefur Ísland einungis hækkað um 3%, úr 55% í 58%. Nágrannalöndin standa sig mun betur og leggja meiri áherslu á opinbera þjónustu á netinu.

## NOTKUN Á OPINBERRI ÞJÓNUSTU Á NETINU

Notkun Íslendinga á opinberri þjónustu á netinu er til fyrirmyndar. Eurostat, hagstofa Evrópusambandsins, heldur utan um tölfraeðigögn yfir notkun E-27 landa á opinberri þjónustu á netinu. Þar kemur Ísland mjög vel út og hefur ávallt vermt 1. sætið að undanskildu árinu 2007 þegar Ísland var í 2. sæti. Skýringin er sú að hlutfall Íslendinga, sem nýta sér opinbera þjónustu á netinu, hefur hækkað verulega á undanförunum árum.

Árið 2010 var hlutfall þeirra sem nýta sér opinbera þjónustu á netinu 77% en var 55% árið 2005. Við öflun þessara gagna var litið til þess hvort einstaklingar hafi notað netið til einhverra eftirfarandi þátta: Afla upplýsinga, hlaða niður eyðublöðum, fylla út rafræn eyðublöð eða ljúka samskiptum/málsmeðferð að fullu með rafrænum hætti. Ekki er gerður greinarmunur á því hvern þessara þátta aðilar nýttu sér.

Þegar kemur að notkun íslenskra fyrirtækja á opinberri þjónustu er svipaða sögu að segja. Þó eru eingöngu til tölfraeðigögn fyrir árin 2003, 2006 og 2008. Öll þessi ár var Ísland í efsta sæti.

## SAMSTARF RÍKIS OG SVEITARFÉLAGA

Ný tækifæri fylgdu flutningi á málaflokki upplýsingasamfélagsins frá forsætisráðuneyti til innanríkisráðuneytis í lok árs 2011. Þau fólust meðal annars í því að samþætta málefni upplýsingasamfélags við málaflokka innanríkisráðuneytisins, ekki hvað síst fjarskipta- og sveitarstjórnarmál. Í kjölfarið ýtti innanríkisráðuneytið úr vör röð samstarfsverkefna með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og sveitarfélögum sem miðuðu að því að efla rafræna stjórnsýslu. Ríki og sveitarfélög hafa átt í auknu og árangursríku samstarfi á undanföllum misserum sem leggur grunn að frekari samstarfsverkefnum í framkvæmd þessarar fyrstu sameiginlegu stefnu ríkis og sveitarfélaga í málefnum upplýsingasamfélagsins.

Meðal verkefna sem ráðist var í þessu samstarfi var þróun rafrænnar auðkenningar, svokallaðs Íslykils sem þróaður var af Þjóðskrá Íslands og tekinn formlega í notkun í apríl 2013. Einnig var unnið að eflingu rafræns lýðræðis í sveitarfélögum og hafa þegar verið samþykktar breytingar á sveitarstjórnarlögum sem undirbúa jarðveginn fyrir rafrænar íbúakosningar og undirskriftsafnanir á Ísland.is. Með þessum verkefnum er lagður grunnur að margvíslegri rafrænni þjónustu sem getur stuðst við og nýtt sér auðkenningarþjónustu (Íslykil) á Ísland.is.

## FRAMTÍÐARSÝN

Það sem umfram allt einkennir upplýsingasamfélagið eru stöðugar breytingar. Ný tækni, ný tæki, aukinn hraði í samskiptum og breyttir lífshættir koma við sögu. Opinberir aðilar þurfa sífelld að laga sig að nýjum kröfum eins og þeirri að þjónusta þurfi að vera aðgengileg í þeim tækjum sem fólk notar frá degi til dags, nýjustu gerðum af snjallsímum og spjaldtölvum. Á næsta ári geta opinberir aðilar staðið frammi fyrir enn öðrum væntingum vegna þessarar hröðu þróunar. Framtíðarsýnin ber merki þess að taka þurfi mið af síbreytilegum þörfum alls samfélagsins, almennings og atvinnulífs, leita eftir og taka mark á skoðunum sem fram koma í samráðsferlum og byggja upp almenna og sértæka þekkingu á upplýsingatækni.

*Opinber þjónusta er byggð upp með lýðræði, skilvirkni og þarfir almennings og atvinnulífs að leiðarljósi. Góð þekking á upplýsingatækni og aðgengi að opinberum gögnum stuðlar að nýsköpun og vexti atvinnulífsins. Almenninngur hefur áhrif á ákvarðanir opinberra aðila með því að taka þátt í undirbúningi þeirra í opnu og gegnsæju samráði á netinu.*

Við mótnun framtíðarsýnar var litið til þess hvert önnur Evrópuríki stefna, helstu áherslur þeirra og verkefni. Smæð samfélagsins þarf að taka inn í myndina þegar reynt er að laga slíkar hugmyndir að íslenskum veruleika. Það verður gert með víðtækri samræmingu og samskiptum milli kerfa og skjótri innleiðingu þeirra. Ljóst er að skoða þarf skipulag, byggja upp kerfi og tengja þau saman í ljósi fjölda smárra stofnana og skipulagseininga. Þátttaka almennings og hagsmunaaðila og aðkoma þeirra að ákvarðanatöku er forsenda þess að vel takist til. Þessum áformum er fundinn staður í eftirfarandi kjörorðum stefnunnar:

**BYGGJUM, TENGJUM OG TÖKUM ÞÁTT**

*Í ríkari mæli en víðast hvar annars staðar þurfa Íslendingar að samnýta þekkingu, lausnir og tækjabúnað til að ná fram hagkvæmni.*

Verkefni upplýsingasamfélagsins ganga þvert á hefðbundna málaflokka stjórnsýslunnar - því er mikilvægt að samþætta þessa stefnu öðrum stefnum. Tekið hefur verið tillit til þessa þannig að þau verkefni sem fram koma í framkvæmdaáætlun eiga mörg hver uppruna sinn og eru samhljóma verkefnum í öðrum opinberum stefnuskjólum. Greint verður frá tengingum við aðrar stefnur í framkvæmdaáætlun þegar/ef verkefni verða fjármögnuð.

Verkefni upplýsingasamfélagsins eiga ekki síst samhljóm með lykilverkefnum innanríkisráðuneytisins á sviði innviða þ.e. samgöngumálum og fjarskiptamálum. Þegar litið er til meginmarkmiða samgönguáætlunar og fjarskiptaáætlunar kemur þetta skýrt í ljós. T.d. eru meginmarkmið fjarskiptaáætlunar: *Aðgengileg, greið, hagkvæm, skilvirk, örugg og umhverfisvæn fjarskipti*. Þessi markmið fjarskiptaáætlunar kallast á við meginmarkmið hinnar nýju stefnu um upplýsingasamfélagið því ef að er gáð koma lykilorð fjarskiptamarkmiðanna öll fyrir í nýju stefnunni.

*Meginmarkmið stefnunnar eru sex að tölu og styðja þau við þá framtíðarsýn sem mótuð hefur verið til ársins 2016.*

## 1

### **Þekkingaruppbygging**

Aukið verði við þekkingu samfélagsins á möguleikum og notkun upplýsingatækni í þeim tilgangi að nýta tæknina á sem bestan máta til atvinnusköpunar, bættrar þjónustu, lýðræðislegrar þátttöku og hvers kyns hagræðingar. Áhersla er lögð á þekkingaruppbyggingu meðal námsfólks, stjórnenda og starfsmanna í þjónustu ríkis og sveitarfélaga og meðal hópa með takmarkaða þekkingu á upplýsingatækni.

## 2

### **Opin og gegnsæ stjórnsýsla**

Almenningur, fyrirtæki og hagsmunaaðilar hafi greiðan aðgang að ópersónubundnum upplýsingum og skráum í vörslu ríkis og sveitarfélaga. Mótuð verði stefna ríkis og sveitarfélaga um opin gögn og sett upp ein gátt fyrir aðgang að slíkum gögnum/gagnagrunnum.

## 3

### **Skipulag, öryggi og samvirkni**

Komið verði á samræmdu skipulagi á landsvísu, samvirkni milli upplýsingakerfa ríkis og sveitarfélaga og tryggt að þau uppfylli tiltekin öryggis- og gæðaviðmið. Mótaðar verði, eftir því sem þörf krefur, sértækar stefnur, viðmið, staðlar og reglur fyrir opinbera vefi sem þróast í takti við breytingar í tækni og þarfir samfélagsins. Tryggt verði aðgengi að auðkenningaleiðum sem mæta því öryggisstigi sem þörf er á hverju sinni, þar með talið aðgengi að Íslykli og fullgildum rafrænum skilríkjum.

## 4

### **Hagræði, skilvirkni og sjálfbærni**

Upplýsingatækni verði nýtt með markvissum hætti til að ná aukinni sjálfvirkni, samnýtingu upplýsinga, almennt hagræðingu og til að auka gæði í rekstri og þjónustu. Stofnanir ríkis og sveitarfélaga samnýti þekkingu og ráðgjöf í umbótaverkefnum (verkefnahús). Unnið verði að því að nota upplýsingatækni til að draga úr ríkisútgjöldum t.d. til að greina og draga úr bótasvikum í velferðarkerfinu ásamt skattsvikum. Rutt verði úr vegi lagalegum hindrunum sem kunna að standa í vegi fyrir að hægt sé að veita rafræna þjónustu og opna aðgang að gögnum.

## 5

### **Lýðræði**

Ríki, sveitarfélög og stofnanir þeirra tileinki sér gegnsæ, skilvirk og opin samráðsferli svo að almenningur og fyrirtæki geti með auðveldum hætti komið sjónarmiðum sínum að í stefnumótun, reglusetningu og ákvarðanatöku. Komið verði á rafrænni kjörskrá, rafrænum íbúakosningum og undirskriftarsöfnunum í sveitarfélögum sem verði undanfari tilraunar með rafrænar sveitarstjórnarkosningar.

## 6

### **Þjónusta**

Einstaklingar og fyrirtæki geti afgreitt erindi sín við stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, hvenær sem er, hvar sem er og án tafar. Einnig geti einstaklingar og fyrirtæki fengið upplýsingar um sín mál og fylgst með stöðu þeirra. Ríki og sveitarfélög þrói saman „mínar síður“ á Island.is (ein gátt). Opnaður verði aðgangur að persónubundnum upplýsingum í skráum opinberra aðila á þann hátt að einstaklingar hafi aðgang að sínum upplýsingum og ný kerfi verði hönnuð með slíkan aðgang í huga.

## FRAMKVÆMD STEFNUNNAR – MÆLANLEG MARKMIÐ

Framkvæmdaáætlun fylgir stefnu þessari og nær hún til fjögurra ára. Hún verður endurskoðuð árlega, bæði verkefnalisti hennar og fjármögnun verkefna. Við endurskoðun verkefnalistans verður miðað við að öll verkefni þurfi að stuðla að framgangi a.m.k. eins þeirra sex meginmarkmiða sem hér liggja til grundvallar. Verkefnin verða fjármögnuð með hliðsjón af framgangi og ef verkefni sem ráðist er í skilar ekki ávinningi innan tilsetts tíma verður metið hvort réttlætanlegt sé að halda fjármögnun áfram eða forgangsraða beri fjármunum til annarra verkefna.

*Framkvæmdaáætlun verður endurskoðuð árlega og útfærð nánar í ljósi nýrra upplýsinga um stöðu verkefna, breytinga á tækniumhverfi og aðstæðna í samfélaginu hverju sinni.*

Mælaborð hefur verið útbúið og sýnir það mælanleg markmið/mælikvarða sem sett eru fram til að auðvelda eftirlit með framgangi stefnunnar. Mælikvarðanir eiga að gefa vísbendingu um hvernig miðar við að ná meginmarkmiðum stefnunnar og eru því gagnlegt verkfæri við innleiðingu hennar.

Tekið var mið af tveimur mælikvörðum úr stefnumótunaráætluninni Ísland 2020. Þar sem þeir eru miðaðir við þann árangur sem á að nást árið 2020 er markið sett nokkuð lægra í eftirfarandi mælikvörðum því þessi stefna hefur endapunkt árið 2016. Um er að ræða mælikvarða nr. 7 og 9 hér á eftir. Þeir mælikvarðar/mælanleg markmið sem fylgst verður reglulega með við innleiðingu stefnunnar eru eftirfarandi:

### Mælikvarðar

1. Fjöldi nemenda sem útskrifast með sérhæfingu í upplýsingatækni á háskólastigi haldist í hendur við þarfir atvinnulífsins sbr. GERT skýrslu – Staða íslenskra nemenda og framtíðarþörf samfélagsins.
2. Starfrækt verði endurmenntunardagskrá um upplýsingatækni fyrir starfsmenn stjórnslu ríkis og sveitarfélaga.
3. Opnað verði fyrir aðgang að 80% af mikilvægustu gagnagrunnum ríkis og sveitarfélaga fyrir árslok 2016. Mótað verði og formlega samþykkt skipulag á landsvísu fyrir opinber kerfi fyrir lok árs 2015.
4. Allir læknar hafi auðvelt og öruggt aðgengi að rannsóknarniðurstöðum sjúklinga sinna 2015.
5. Aukning verði í hlutfalli rafrænna reikninga frá fyrirtækjum og öðrum sem stunda viðskipti við opinbera aðila.
6. Ísland mælist meðal 20 efstu landa í þátttökuvísitölu Sameinuðu þjóðanna árið 2016.
7. Á árinu 2014 verði komin upp rafræn kjörskrá sem notuð verður í tilraunaskyni í sveitarstjórnarkosningum 2014.
8. Ísland mælist meðal 15 efstu landa í stjórnsýsluvísitölu Sameinuðu þjóðanna árið 2016.



## INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ